

Áhugaverðir tenglar

Þroska – og hegðunarstöð veitir þjónustu vegna barna sem glíma við frávík eða aðra erfiðleika.
www.heilsugaeslan.is

Greiningar-og ráðgjafarstöð ríkisins tryggir að börnum sé veitt greining og ráðgjöf www.greining.is

BUGL veitir börnum og unglingum með geð- og þroskaraskanir margvíslega þjónustu www.lsh.is

Sjúkratryggingar tryggir sjúkratryggðum aðstoð til verndar heilbrigði og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag www.sjukra.is

Unglingamóttaka fyrir 13–20 ára er opin á föstudögum kl. 15-16 á heilsugæslustöðinni á Selfossi www.hsu.is

Sjónarhóll er umboðsmaður fjölskyldna barna með sérþarfir www.sjonarholl.net

Leiðarljós er stuðningsmiðstöð fyrir fjölskyldur barna með sjaldgæfa og alvarlega langvinna sjúkdóma.
www.leidarljós.is

Einstök börn er stuðningsfélag barna og ungmenna með sjaldgæfa, jafnvel ógreinda sjúkdóma eða skerðingar.
www.einstokborn.is

Systkinasmíðjan veitir m.a. systkinum barna með sérþarfir tækifæri til að hitta önnur systkini í skipulögðu og skemmtilegu umhverfi www.verumsaman.is

Sumarbúðir í Reykjadal eru fyrir fötluð börn og ungmenni á aldrinum 8–21 ára www.slf.is

Íþróttafélagið Suðri heldur úti fjölbreyttu íþróttastarfi fyrir fatlaða www.sudri.is

Þroskahjálp eru samtök sem berjast fyrir réttindum fatlaðs fólks.— www.throskahjalp.is

Einhverfusamtökin eru samtök þeirra sem bera hag þeirra sem eru einhverfir fyrir brjósti www.einhverfa.is

Réttindagæslumaður fatlaðs fólks á Suðurlandi
Sigrún Jensey Sigurðardóttir, s. 858 2142
sigrun@rett.vel.is

Umönnunargreiðslur

Foreldrar fatlaðra barna geta sótt um umönnunargreiðslur til Tryggingastofnunar ríkisins. Greiðslur geta verið frá fæðingu barns og til 18 ára aldurs.

Matið byggist á upplýsingum úr læknavottorði, frá foreldrum og umsögn frá ráðgjafa félagsþjónustunnar. Einnig er er tekið tillit til umönnunarþyngdar og sérstakra útgjalda sem skapast vegna fötlunar barnsins. Sjá nánar á www.tr.is

Gistiheimilið Melgerði 7, Kópavogi

Þroskahjálp rekur Gistiheimili að Melgerði 7 í Kópavogi. Þar geta fötluð börn af landsbyggðinni dvalið með foreldrum sínum án endurgjalds þegar barnið þarf að vera í höfuðborginni, t.d. vegna heimsóknar á Greiningarstöð, þjálfunar, læknisheimsóknar eða annarrar meðferðar. Þeir sem hafa áhuga á að panta aðstöðu í Melgerði eða óska eftir nánari upplýsingum er bent á að hafa samband við Helgu Hjörleifsdóttur í síma 868-7024



Þjónusta við fjölskyldur barna með fötlun

Fatlað fólk nýtur allrar almennrar þjónustu sem sveitarfélög veita. Auk þess er í boði ýmis sértæk þjónusta í samræmi við lög um málefni fatlaðs fólks sem miðar að því að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og skapa þeim skilyrði til að lifa eðlilegu lífi.

Ráðgjöf og stöðþjónusta við fatlað fólk og aðstandendur byggir á mannréttindum fatlaðs fólks og hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf.

www.arnesthing.is

Ráðgjöf felur m.a í sér:

Ráðgjafar byggja starf sitt á hugmyndafræði fjölskyldumiðaðrar þjónustu og móta þjónustuna í góðu samstarfi við foreldra.

Ráðgjafar veita foreldrum upplýsingar um þjónustu og réttindi og taka virkan þátt í teymisvinnu vegna barna þeirra.

Upplýsingar og aðstoð við umsóknir um réttindi og þjónustu hjá opinberum þjónustuaðilum.

Stuðning og ráðgjöf í samvinnu við foreldra, m.a. vegna athafna daglegs lífs, frístundastarfs, sumarþjónustu barna og atvinnuþátttöku ungmenna.

Samstarf, ráðgjöf og leiðsögn til foreldra vegna uppeldis- og íhlutunarleiða.

Snemmtæka íhlutun og þroskaþjálfun ungra barna, þar til leikskólaganga hefst.

Ráðgjöf og leiðsögn heim í samstarfi við foreldra vegna skipulags fyrir börn og foreldra.

Þátttöku í teymisvinnu í samstarfi við foreldra og aðra sérfræðinga.

Aðstoð við að samþætta þjónustu allra þjónustuaðila, s.s. heimþjónusta, heimahjúkrun og aðra þjónustuaðila.

Gerð heildrænnar þjónustuáætlunar í samvinnu við foreldra, skóla og aðra þjónustuaðila um samþættingu félags-, skóla-, heilbrigðis- og frístundaþjónustu.

Stoðþjónusta byggð á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992 með síðari breytingum

Stuðningsfjölskylda

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að annast barn með fötlun í skamman tíma til að draga úr álagi á fjölskyldu þess, veita barninu tilbreytingu og stuðning auk þess að gefa því kost á auknum félagslegum tengslum. Stuðningsfjölskyldan býður barninu að dvelja á heimili sínu sem og að taka þátt í daglegu heimilislífi hennar.

Skammtí mavistun Álftaríma 2

Hlutverk skammtí mavistunarinnar er að létta álagi af fjölskyldum og vera afþreying og tilbreyting fatlaðra barna, ungmenna og fullorðinna sem búa í foreldrahúsum. Markmið skammtí mavistunarinnar er að auka lífsgæði og sjálfstæði þeirra sem þar dvelja. Lögð er áhersla á eflingu athafna daglegs lífs og félagsfærni.

Félagsleg liðveisla

Er persónulegur stuðningur og aðstoð við börn 6 ára og eldri sem einkum miðar að því að draga úr félagslegri einangrun og styrkja fólk til þátttöku í menningar- og félagslífi, til dæmis sækja menningar- og íþróttaviðburði, fara í sund, spjalla saman, taka þátt í félagsstarfi, allt eftir áhugasviði hvers og eins.

Búseta

Stuðningur á heimili og búseta með sólahringsþjónustu er ætluð 18 ára og eldri og byggir á mati á þjónustuþörf og framboði á húsnæðiskosti. Hægt er að sækja um búsetu frá 16 ára aldri.

Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta fatlaðs fólks er ætluð þeim börnum, sem ekki geta ferðast sjálf vegna fötlunar sinnar, s.s. í skóla, sjúkrahjúlfun, tómstundir og aðra sértæka þjónustu.

Vinnuskóli/sumarstörf

Vinnuskóli og Velferðarþjónusta eiga í góðu samstarfi vegna þeirra barna sem þurfa sérstakan stuðning í vinnuskóla eða við sumarstörf.

Stuðningur við sumartilboð

Veittur hefur verið sérstakur stuðningur við fötluð börn ef þörf er á til þátttöku á sumarnámskeiðum sem boðið er upp á í sveitarfélögunum.